

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

335. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 12.05.2014, kl.7:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir boðaði forföll, Bjarni Torfi Álfþórsson stjórnaði fundi, Páll Hilmarsson, Karl Sigurðsson, Ómar Stefánsson og Hafsteinn Pálsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Guðmundur Ólafsson frá Mannvit er gestur fundarins undir lið 1.

Tekið fyrir:

1. Umsögn og kynning Mannvits vegna umsagnar Environice um Aikan gas- og jarðgerðarlausn.

Guðmundur Ólafsson frá Mannvit kynnir minnisblað sem unnið er af Mannvit er varðar umsögn Environice um Aikan gas- og jarðgerðarlausn. Málið rætt. Fulltrúi stjórnar, framkvæmdastjóri og fulltrúi Mannvits mun kynna minnisblaðið fyrir umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar en Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögninni frá Environice.

2. Fyrirkomulag útboða vegna byggingar gas – og jarðgerðarstöðvar og samningar við Aikan A/S.

Lagt fram bréf Innkaupadeildar Reykjavíkurborgar dagsett 9. maí 2014. Efni: Ráðgjöf varðandi útboðsmál vegna fyrirhugaðrar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Framkvæmdastjóra er falið að ganga til samninga við Mannvit um verkefnisstjórn verkefnisins og hefja undirbúning að útboði verkfræðipjónustu í samræmi við minnisblað lagt fram á 333. fundi stjórnar SORPU þann 7. apríl síðastliðinn. Jafnframt heimilar stjórn framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Aikan A/S í Danmörku um kaup SORPU á tæknilausn gas- og jarðgerðarstöðvar. Samningur við Aikan verður síðan borinn undir stjórn til samþykktar.

3. Samstarf við Lifdísil ehf. um móttöku og vinnslu á lyktarsterkum úrgangi í Álfsnesi.

Yfirverkfræðingur kynnir verkefnið „Tímabundin endurvinnsla á sláturúrgangi til framleiðslu á lifdísil og hágæðamoltu“. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að kynna drög að samningi á næsta fundi.

4. Niðurstöður forvals um vélavinnu í Gufunesi.

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 9. maí er varðar forval vegna vélavinnu í móttökustöð í Gufunesi. Auk þess er lögð fram greinagerð Mannvits dagsett 29. apríl 2014 er varðar forvalið. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að fá álit lögfræðings á fyrirkomulagi vélavinnu í móttökustöð.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like KS, ISTA, PH, and others.

5. Lóðarmál endurvinnslustöðvar á Dalvegi í Kópavogi.

Lagt fram bréf dagsett 7. apríl 2014 frá JP Lögmönnum sem ritað er fyrir hönd Magnúsar Ingjaldssonar. Efni: Krafa um að SORPA bs. víki af lóð nr. 81 við Digranesveg, Kópavogi.

6. Grænt bókhald

Stjórn staðfestir grænt bókhald fyrirtækisins fyrir árið 2013 eins og ákveðið var með tölvusamskiptum 8. apríl síðastliðinn.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 26.5..2014 klukkan 07.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.35.

Fundarritari Sigríður B.Einarsdóttir.

Bjarni Torgi
Ómar Stefánsson
Páll
Agnetaína Rásson
Karl Sævi
Bjarni Stefánsson
Bjarni Hjördis
Einarsson